

Fimmtudagurinn 18. september 1997 kl. 10:00

99. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 6/1997

**Kvörtun Verslunarráðs Íslands yfir skilmálum  
ÁTVR í viðskiptum við birgja**

**I.**

**Erindið**

**1.**

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 9. janúar 1997, frá Verslunarráði Íslands (VÍ). Í erindinu segir, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hafi sent innlendum áfengisbirgjum bréf, dags. 11. desember 1996, þar sem segi að stofnunin hyggist setja reglur um viðskipti sín við birgjana. Þær kveði á um að ÁTVR muni taka sér einhliða 14 daga greiðslufrest á áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því. Eins og áfengisverðlagningu sé háttað sé hér um að ræða stærstan hluta kaupverðs áfengis í viðskiptum ÁTVR við birgja.

Verslunarráðið telur að hin einhliða ákvörðun ÁTVR stangist á við 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 og krefst þess, fyrir hönd þeirra félagsmanna sem stunda áfengisinnflutning, að samkeppnisráð grípi til viðeigandi úrræða. Verslunarráðið telur rétt að ÁTVR verði gert að afturkalla umræddar reglur um greiðslukjör og að fyrirtækið verði sektað skv. 52. gr. samkeppnislaga, enda feli reglurnar í sér brot á ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1996.

**2.**

Í erindi VÍ segir, að samkvæmt 2. gr. laga nr. 63/1969 sé sú skylda lögð á ÁTVR, að gæta jafnræðis gagnvart öllum áfengisbirgjum. Samkvæmt 3. mgr. 2. gr. s.l. sé einkaaðilum heimilaður innflutningur og heildsala áfengis en ÁTVR hafi hins vegar einkarétt til heildsölu og innflutnings tóbaks og til smásölu áfengis. Fjármálaráðherra skipi forstjóra og stjórn ÁTVR en fyrirtækinu sé skylt að starfa í tveimur deildum sem aðgreindar séu rekstrarlega og fjárhagslega. Skuli önnur deildin hafa með höndum innflutning og heildsölu áfengis en hin skuli annast smásölu áfengis.

Sá markaður sem um sé að ræða sé innflutningur og heildsala á áfengi sem ætlað sé til smásölu í verslunum ÁTVR. Síðan segir í erindi Verslunarráðsins: „*Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að ÁTVR er markaðsráðandi fyrirtæki á viðkomandi markaði í skilningi samkeppnislaga, enda hefur fyrirtækið einkarétt til smásölu áfengis. Fyrirtækið nýtur auk þess ýmis konar ívilnandi aðstoðar hins opinbera sem keppinautar njóta ekki. Staða ÁTVR á þessum markaði og efnahagslegur styrkleiki er slíkur að fyrirtækið getur hindrað virka samkeppni á markaðnum og í raun hagað viðskiptastefnu sinni þannig, að ekkert tillit sé tekið til samkeppnisaðila, viðskiptavina eða neytenda. Innflytjendur áfengis eru nauðbeygðir, vilji þeir selja vöru sína í smásölu, að eiga viðskipti við fyrirtækið.*“ Til stuðnings síðastgreindri fullyrðingu vísar VÍ til ákvarðana samkeppnissráðs nr. 33/1996 og 37/1996. Síðan segir: „*Auk þess að hafa einokunaraðstöðu á viðkomandi markaði stundar ÁTVR innflutnings- og heildsölustarfsemi í samkeppni við einkaaðila. Vegna stöðu sinnar verður að gera ríkar kröfur til ÁTVR um að starfshættir og skilmálar verslunarinnar mismuni ekki áfengisbirgjum né séu ósanngjarnir og hafi skaðleg áhrif á samkeppni.*“

Verslunarráðið telur, að með tilvitnuðu bréfi ÁTVR ákveði fyrirtækið einhliða greiðslukjör í viðskiptum við birgja. Engin lagaheimild sé fyrir slíkri ákvörðun heldur hafi það beinlínis verið tilætlun löggjafans að um þau viðskipti giltu almenn sjónarmið. Verslunarráðið segir hin umræddu greiðslukjör felast í því að ÁTVR staðgreiði verð vöru að frádregnu áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því. Þessu sé haldið eftir í veltu fyrirtækisins í hálfan mánuð. Markmiðið sé að auðga ÁTVR sem nemi fjármagnstekjum í hálfan mánuð en um leið að svipta birgja þeim tekjum. VÍ telur að sú hlutun söluverðs eftir kostnaðarþáttum sem í þessu felist sé óeðlileg.

Um áfengisgjaldið segir, að þar sé aðstaða innflytjenda tvíþætt. Annars vegar sé um að ræða innflytjendur sem greiði áfengisgjald við tollafgreiðslu, sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 477/1995, en hins vegar sé um að ræða innflytjendur sem fái greiðslufrest í 14 daga á greiðslu gjaldsins við tollafgreiðslu, sbr. 8. og 9. gr. reglugerðarinnar, gegn tryggingu en slík trygging feli í sér kostnað fyrir rekstur viðkomandi innflytjanda.

Verslunarráðið telur ljóst að með hinum nýju reglum sé ÁTVR að skammta sér betri viðskiptakjör og meiri ávinning en fyrirtækið hefði náð við eðlileg skilyrði á markaði þar sem jafnræði ríki á milli kaupenda og birgja. Slíkt sé eitt kennimark misnotkunar á markaðsráðandi stöðu og vísar VÍ til dóma

Evrópudómstólsins í málum nr. 322/81 (Michelin) og 27/76 (United Brands) því til stuðnings. Í erindi VÍ er einnig talið, að ÁTVR brjóti þær skyldur sem á fyrirtækinu hvíli um að gæta jafnræðis á milli birgja. Samkeppnisstaða erlendra birgja ÁTVR sé gerð hagkvæmari en innlendra, auk þess sem ÁTVR standi sterkar að vígi heldur en aðrir innflytjendur, sem þurfi að sæta því að ÁTVR liggi með hluta kaupverðs þeirra í veltunni hjá sér til að ná í viðskipti við erlenda áfengisframleiðendur.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Samkeppnisstofnun sendi ÁTVR erindi Verslunarráðs Íslands með bréfi, dags. 16. janúar, og óskaði eftir umsögn ÁTVR. Var sérstaklega bent á 17. gr. samkeppnislaga í ljósi markaðsstöðu ÁTVR.

#### **2.**

Umsögn barst frá lögmanni ÁTVR með bréfi, dags. 21. febrúar 1997. Í umsögninni segir, að ekki hafi enn verið tekin ákvörðun um hvort reglur þær sem erindi VÍ lúti að verði teknar upp. Ekki sé því ástæða til að fallast á kröfu um afturköllun reglna sem ekki hafi tekið gildi né séu efni til að beita sektum vegna fyrirhugaðra brota. Ekki sé því þörf frekari efnisumfjöllunar um hinar fyrirhuguðu reglur að sinni.

Verslunarráði Íslands var send umsögn ÁTVR með bréfi, dags. 25. febrúar 1997 og veitt færi á að gera athugasemdir. Jafnframt var fjármálaráðuneytinu samdægurs sent upphaflegt erindi Verslunarráðsins ásamt umsögn ÁTVR og var óskað eftir umsögn ráðuneytisins um málið.

#### **3.**

Svar barst frá Verslunarráðinu með bréfi, dags. 7. mars 1997. Þar segir, að þó svo umræddum greiðsluskilmálum ÁTVR hafi ekki verið hrint í framkvæmd gagnvart innflytjendum hafi þeim verið beitt gegn innlendum ölframleiðendum í á annað ár, og er þess krafist að samkeppnisráð grípi til viðeigandi aðgerða vegna þessa.

Athugasemdir Verslunarráðs Íslands voru sendar ÁTVR með bréfi, dags. 12. mars 1997 og var stofnuninni veitt færi á að gera athugasemdir. Með bréfum,

dags. 18. apríl 1997, bárust athugasemdir frá ÁTVR og fjármálaráðuneytinu. Verður fyrst gerð grein fyrir athugasemdum fjármálaráðuneytisins.

#### 4.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir að samkvæmt reglum um greiðslukjör staðgreiði ÁTVR verð vöru að frátöldu áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því. Þau gjöld séu hins vegar greidd á 15. degi hvers mánaðar vegna innkaupa 1.–15. dags hvers mánaðar, en á síðasta degi hvers mánaðar vegna innkaupa 16.–31. dags hvers mánaðar.

Þá segir í umsögn ráðuneytisins: „*Er ÁTVR kaupir áfengi erlendis frá er varan keypt af erlendum áfengisbirgjum án áfengisgjalds og virðisaukaskatts af því. Ef innlendir birgir hefur hins vegar flutt inn áfengið, fær hann að gera upp áfengisgjaldið miðað við tveggja vikna uppgjörstímabil og virðisaukaskatt af því á mánaðar/tveggja mánaða fresti. Því má ljóst vera að ef áfengisgjald og virðisaukaskattur af því væri staðgreitt, gæti innlendir birgir, með því að tollafgreiða vörur og afhenda ÁTVR á sama degi, legið með verulegt fjármagn í veltu sinni, í allt að tvær vikur. Innlendir birgjar nytu þá í raun betri viðskiptakjara en erlendir birgjar. Af þessum sökum er ekki fallist á þá fullyrðingu Verslunarráðs að reglurnar feli í sér mismunun á milli innlendra birgja og erlendra.*“

#### 5.

Í athugasemdum ÁTVR segir að settar hafi verið nýjar reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja, sbr. reglur nr. 186 frá 28. febrúar 1997. Reglurnar séu í aðalatriðum samhljóða þeim reglum sem fyrirhugaðar hafi verið. Höfuðatriði þeirra sé að birgjar sem njóti gjaldfrests á áfengisgjaldi við innflutning fái uppgert með tilteknum hætti, en aðrir semji sérstaklega við fyrirtækið um greiðslukjör. Reyndin sé sú að nær allir áfengisbirgjar njóti gjaldfrests við innflutning og allir þeir stærstu. Reglurnar mismuni innflutningsfyrirtækjum ekki með nokkrum hætti, þeir sem lagt hafi út fyrir gjöldunum fái gert upp hjá ÁTVR með venjulegum hætti.

### III. Lagaumhverfi

#### 1.

Um gjald af áfengi gilda lög nr. 96/1995. Samkvæmt þeim skal greiða til ríkissjóðs sérstakt gjald, áfengisgjald, af áfengi samkvæmt lögnum. Í 1. mgr. 6. gr. þeirra segir: „*Gjald af innfluttu áfengi skal greitt við tollafgreiðslu þess. Fjármálaráðherra er heimilt með reglugerð að veita gjaldfrest á áfengisgjaldi við innflutning í allt að tvær vikur enda séu settar fullnægjandi tryggingar.*“

Í 5. mgr. 6. gr. segir ennfremur: „*Fjármálaráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um innheimtu áfengisgjalds, þar á meðal um tryggingar fyrir skilum á gjaldi skv. 1. og 2. mgr.*“

#### 2.

Reglugerð um áfengisgjald er nr. 477/1995. Í 2. kafla reglugerðarinnar er fjallað um álagningu, uppgjörstímabil, gjalddaga o.fl. Þar segir í 1. mgr. 7. gr.: „*Áfengisgjald af innfluttu gjaldskyldu áfengi skal innheimt ásamt aðflutningsgjöldum við tollafgreiðslu, nema annað leiði af reglugerð þessari.*“

Í 1. mgr. 9. gr. segir: „*Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 7. gr. er tollstjórum heimilt að veita skráðum innflytjendum greiðslufrest á áfengisgjaldi vegna tollafgreiðslu á innfluttu áfengi. Um skilyrði, umsókn, tryggingar o.fl. vísast til reglugerðar nr. 640/1989, um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum, að undanskilinni 2. mgr. 4. gr.*“

#### 3.

Í reglugerð nr. 640/1989 um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli segir í 1. mgr. 3. gr.: „*Innflytjandi skal skila með umsókn sinni yfirlýsingu banka, sparisjóðs eða viðurkennds tryggingar- eða ábyrgðarfélags um að tekin sé skilyrðislaus sjálfskuldarábyrgð á tiltekinni fjárhæð lánaðs virðisaukaskatts hans vegna og skal ábyrgðin einnig taka til virðisaukaskatts sem innflytjandanum hefur verið veittur greiðslufrestur á auk dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af vanefndum, sbr. 5. gr.*“

#### 4.

Reglur um innkaup og sölu áfengis og skilmála í viðskiptum við birgja eru nr. 186/1997. Í 4. kafla er fjallað um skilmála í viðskiptum við birgja. Þar segir í

lið 4.12: „Um greiðslu á verði vöru fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Jafnvirði áfengisgjalds og virðisaukaskatts af því greiðir ÁTVR þó til birgis, sem nýtur greiðslufrests á áfengisgjaldi, sem hér segir:

Á 15. degi hvers mánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 1. – 15. hvers mánaðar.

Síðasta dag úttektarmánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 16. – 31. hvers mánaðar.“

## 5.

Í 19. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993 segir: „Ef samkeppnisráð eða Samkeppnisstofnun telur að ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla stríði gegn markmiði laga þessara og torveldi frjálsa samkeppni í viðskiptum skal vekja athygli ráðherra á því álit. Slíkt álit skal einnig birta almenningi á fullnægjandi hátt, t.d. með fréttatilkynningu til fjölmiðla eftir að það hefur verið kynnt ráðherra.“

Ennfremur segir í d-lið 5. gr. samkeppnislaga um hlutverk samkeppnisráðs: „[Hlutverk samkeppnisráðs er] að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra samkeppnisaðila að markaði.“

## III.

### Álit samkeppnisráðs

Með vísan til markmiðs samkeppnislaga nr. 8/1993, sbr. 1. gr., vekur samkeppnisráð athygli fjármálaráðherra og Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins á eftirfarandi álit sem birt er á grundvelli 19. gr. og d-liðar 2. mgr. 5. gr. laganna.

## 1.

Í máli þessu kvartar Verslunarráð Íslands yfir skilmálum þeim sem ÁTVR beitir í viðskiptum við birgja, en ráðið telur skilmálana einhliða og íþyngjandi fyrir birgja og sem slíkir feli þeir í sér brot á 17. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Í rökstuðningi Verslunarráðsins vegna þessa segir, að ÁTVR sé skylt að gæta jafnræðis milli áfengisbirgja skv. 2. gr. laga nr. 63/1969. Á markaði innflutnings og heildsölu áfengis sem ætlað sé til smásölu í verslunum ÁTVR sé fyrirtækið í markaðsráðandi stöðu, enda hafi það einkarétt til smásölu áfengis. Verslunarráðið telur að ÁTVR hafi, með setningu reglna nr. 186/1997,

ákveðið einhliða greiðslukjör í viðskiptum við birgja, án þess að lagaheimild hafi verið fyrir slíku. Tilætlan löggjafans hafi verið að um þessi viðskipti giltu almenn sjónarmið. Sú tilhögun greiðslufrests á ákveðnum kostnaðarþáttum í verði vöru, sem ÁTVR taki sér, sé óvenjuleg og óeðlileg.

Þá segir VÍ að með hinni einhliða ákvörðun sinni geri ÁTVR frelsi birgja til að hafa áhrif á samningsskilmála að engu og fyrirtækið þvingi birgja til viðskipta á ósanngjörnum skilmálum. Þannig öðlist ÁTVR betri viðskiptakjör en fyrirtækið hefði náð við eðlileg skilyrði á markaði þar sem jafnræði ríki á milli kaupenda og birgja. Slíkt sé eitt kennimark misnotkunar á markaðsráðandi stöðu. Loks telur VÍ að greiðslufyrirkomulag ÁTVR mismuni innlendum og erlendum áfengisbirgjum með því, að erlendir áfengisbirgjar þurfi aldrei að leggja út fyrir áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því, sem ÁTVR taki sér greiðslufrest á gagnvart birgjum, en innlendir áfengisbirgjar þurfi þess hins vegar.

## 2.

Í umsögn ÁTVR um þetta atriði segir, að einn megingilgangur reglna nr. 186/1997 sé að gera alla, innlenda framleiðendur, innlenda birgja og erlenda birgja, sem líkast setta að því er varði greiðslufrest. Reglurnar mismuni ekki innflutningsfyrirtækjum á nokkurn hátt, þeir sem lagt hafi út fyrir gjöldunum fái gert upp hjá ÁTVR með venjulegum hætti.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins segir um uppgjör á áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því, að innlendir birgjar geti nýtt sér greiðslufrest í tolli vegna þessara gjalda. Því geti þeir, staðgreiði ÁTVR þessi gjöld til þeirra við afhendingu vöru til ÁTVR, legið með verulegt fjármagn í veltu sinni í allt að tvær vikur. Innlendir birgjar nytu þá í raun betri viðskiptakjara en erlendir birgjar sem ekki þurfi að greiða þessi gjöld.

## 3.

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins hefur einkarétt til smásölu áfengis, þegar frá er talin sala áfengis til neyslu á sölustað. Fyrirtækið er því markaðsráðandi í skilningi samkeppnislaga. Um markaðsráðandi stöðu er að ræða þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það getur að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta sinna, sbr. 4. gr. samkeppnislaga. Sökum yfirburðastöðu sinnar hvílir að mati samkeppnisráðs sérstaklega rík skylda á ÁTVR og fjármálaráðherra að gæta þess að athafnir fyrirtækisins hafi ekki skaðleg áhrif á

samkeppni á markaðnum eða feli í sér óeðlilega viðskiptahætti. Hafa ber í huga að ýmsir viðskiptahættir og hegðun á markaði, sem telst eðlileg og samkeppnishvetjandi ef lítil fyrirtæki eiga í hlut, geta haft skaðleg áhrif á viðkomandi markaði ef um markaðsráðandi fyrirtæki er að ræða.

Í gr. 4.12 í reglum nr. 186/1997 segir: „*Um greiðslu á verði vöru fer eftir því sem um semst milli birgis og ÁTVR. Jafnvirði áfengisgjalds og virðisaukaskatts af því greiðir ÁTVR þó til birgis, sem nýtur greiðslufrests á áfengisgjaldi, sem hér segir:*

*Á 15. degi hvers mánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 1. – 15. hvers mánaðar.*

*Síðasta dag úttektarmánaðar eða næsta rúmhelgan dag þar á eftir vegna innkaupa 16. – 31. hvers mánaðar.“*

Reglur nr. 186/1997 eru settar með stoð í 13. gr. reglugerðar nr. 607/1995. Í þeirri grein segir að stjórn ÁTVR skuli setja sérstakar reglur um val á vöru til sölu í vínbúðum. Reglurnar skuli annars vegar miða að því að tryggja vöruúrval með hliðsjón af eftirspurn kaupenda og hins vegar að því að tryggja framleiðendum og innflytjendum áfengis möguleika á að koma vörum í sölu í vínbúðum. Reglurnar skuli hljóta staðfestingu ráðherra og vera birtar í Stjórnartíðindum. Reglugerð nr. 607/1995 er sett samkvæmt almennt heimild í lögum nr. 63/1969 um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum. Þar segir í 14. gr. að ráðherra sé heimilt að kveða nánar á um framkvæmd laganna með reglugerð.

Samkeppnisráð fær ekki séð að lög veiti stjórn ÁTVR eða fjármálaráðherra heimild til að setja einhliða reglur um samskipti fyrirtækisins við birgja, er innihaldi samkeppnishamlandi ákvæði. Í því sambandi ber og að hafa í huga að gera verður ríkar kröfur um lagastoð stjórnvaldsfyrirmæla sem ganga gegn meginreglu löggjafans um virka samkeppni í viðskiptum. Samkeppnisráð bendir jafnframt á að ekki verður séð af þeim lögum sem um starfsemi ÁTVR gilda, að sérstök sjónarmið skuli höfð að leiðarljósi um viðskipti ÁTVR og innlendra birgja. Ætlan löggjafans, m.a. með setningu laga nr. 95/1995, hafi verið sú að um þessi viðskipti giltu almenn sjónarmið. Einnig verður að líta til þess að ákvæði laga um verslun með áfengi og tóbak um sérstaka stjórn yfir ÁTVR var tekið upp í lögum að tillögu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis. Í lögskýringagögnum kemur fram það mat nefndarinnar að ÁTVR skuli starfa eins og hvert annað fyrirtæki og eðlilegt sé að stjórnunarhættir þess verði sambærilegir og í venjulegum fyrirtækjum. Tilgangurinn með sérstakri stjórn sé



að styrkja faglega stjórn á fyrirtækinu og gera stjórn þess fjarlægari hinu pólitíska valdi. Ekki verður því talið að það hafi verið tilgangur löggjafans að stjórn ÁTVR gæti í formi bindandi stjórnvaldsfyrirmæla gripið til ráðstafana sem raska samkeppni. Í ljósi þessa, og með hliðsjón af því sem síðar segir um samkeppnishamlandi áhrif ákvæðisins, telur samkeppnisráð verulegan vafa leika á því að gr. 4.12 í reglum nr. 186/1997 hafi fullnægjandi lagastoð.

Ofangreint ákvæði kveður á um sérstakt uppgjör á áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því. Heldur ÁTVR eftir hluta kaupverðs í allt að hálfan mánuð. Samkeppnisráð telur umrætt ákvæði ekki vera í samræmi við almenna viðskiptahætti. Almennt verður telja að íþyngjandi skilmálar í viðskiptum milli markaðsráðandi fyrirtækis og annarra aðila á markaði séu varhugaverðir og nauðsynlegt sé að þeir styðjist við hlutlæg og málefnaleg sjónarmið.

Að mati samkeppnisráðs standast umræddir skilmálar ÁTVR í viðskiptum við birgja ekki þau framangreindu skilyrði sem setja verður slíkum reglum. Það er ákvörðun löggjafans, að heimilt sé að veita frest til uppgjors á áfengisgjaldi og virðisaukaskatti af því, sbr. lög nr. 96/1995 um gjald af áfengi, sbr. og reglugerð nr. 477/1995 og reglugerð nr. 640/1989 um greiðslufrest á virðisaukaskatti í tolli, með síðari breytingum. Greiðslufrestur hefur þó í för með sér kostnað fyrir viðkomandi innflytjanda, þar sem hann er skyldugur til að setja tryggingar fyrir greiðslu gjaldanna. Að mati samkeppnisráðs fela skilmálar ÁTVR í sér óhæfilega takmörkun á frelsi innflytjenda til viðskipta við ÁTVR. Beiting skilmálanna telst því vera misnotkun á markaðsráðandi stöðu ÁTVR. Í ljósi þessa lítur samkeppnisráð svo á, að skilmálarnir gangi gegn markmiðum samkeppnislaga þar sem þeir séu til þess fallnir að styrkja markaðsráðandi stöðu ÁTVR og veikja starfsemi einkaaðila í innflutningi og heildsölu áfengis, með þeim afleiðingum að hætt er við að keppinautum aðfangadeildar ÁTVR fækki.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er það álit samkeppnisráðs að tilvitnað ákvæði í reglum nr. 186/1997 stríði gegn markmiði samkeppnislaga og hafi skaðleg áhrif á samkeppni. Samkeppnisráð beinir því þeim tilmælum til fjármálaráðherra að hlutast til um framkvæmd nauðsynlegra breytinga á reglum nr. 186/1997 þannig að komið sé til móts við þau sjónarmið sem að framan eru rakin.